

Leikskólinn Araklettur

Starfslýsing - deildarstjóri

STARFSHEITI: DEILDARSTJÓRI Í LEIKSKÓLA NÆSTI YFIRMAÐUR: Leikskólastjóri.

STARFSSVIÐ:

Starfar samkvæmt lögum og reglugerð um leikskóla, öðrum lögum er við eiga, aðalnámskrá leikskóla og stefnu viðkomandi sveitarfélags.

MEGINVERKEFNI:

Stjórnun og skipulagning:

- Tekur þátt í gerð skólanámskrár, ársáætlunar, mati á starfsemi leikskólans og þróunarverkefnum undir stjórn leikskólastjóra.
- Ber ábyrgð á stjórnun, skipulagningu, framkvæmd og mati starfsins á deildinni
- Annast daglega verkstjórn á deildinni og ber ábyrgð á að miðla upplýsingum innan deildarinnar, milli deilda leikskólans og milli leikskólastjóra og deildarinnar.
- Ber ábyrgð á og stýrir deildarfundum og skipuleggur undirbúningstíma starfsfólks deildarinnar.
- Hefur umsjón með móttöku, þjálfun og leiðsögn nýrra starfsmanna deildarinnar.
- Fylgist með að deildin sé búin nauðsynlegum uppeldis- og kennslugögnum í samvinnu við leikskólastjóra.

Uppeldi og menntun:

- Ber ábyrgð á að unnið sé eftir skólanámskrá og ársáætlun leikskólans á deildinni.
- Tryggir að sérhvert barn á deildinni fái kennslu, leiðsögn, umönnun og/eða sérkennslu eftir þörfum.
- Ber ábyrgð á að meðferðaráætlunum sérfræðinga vegna einstakra barna sé framfylgt.

Foreldrasamvinna:

- Skipuleggur samvinnu við foreldra/forráðamenn barnanna á deildinni s.s. aðlögun, dagleg samskipti og foreldraviðtöl.
- Ber ábyrgð á að foreldrar/forráðamenn fái upplýsingar um þroska og líðan barnsins og þá starfsemi er fram fer á deildinni og ekki varðar trúnað gagnvart öðrum börnum og foreldrum/forráðamönnum þeirra.
- Situr foreldrafundi, sem haldnir eru á vegum leikskólans.

- Ber ábyrgð á að leitað sé samþykkis foreldra/forráðamanna barns, áður en leitað er aðstoðar annarra sérfræðinga.

ANNAD:

- Skipuleggur samvinnu við ýmsar stofnanir og sérfræðinga sem tengjast leikskólanum í samráði við leikskólastjóra.
- Situr starfsmannafundi, deildarstjórafundi og aðra fundi er yfirmaður segir til um og varðar starfsemi leikskólans.
- Sinnir þeim verkefnum er varðar uppeldi og menntun barnanna og stjórnun deildarinnar sem yfirmaður felur honum.

Hæfniskröfur:

- o Færni í mannlegum samskiptum.
- o Getur sett sig í spor annara.
- o Víðsýni.
- o Þekking á skóla- og aðalnámskrá.
- o Þekking á nærsamfélaginu.
- o Þekking á menningu þeirra barna sem eru af öðru þjóðerni.
- o Þekking á þeim þroskaþáttum er helst koma við sögu í þeim verkefnum (hópastarf/val) sem viðkomandi stýrir.
- o Hafa þekkingu á helstu barnasöngvum og leikjum.
- o Þekking á þroskaferli barna og helstu þroskafrávikum.
- o Þekking á viðbrögðum við áföllum.
- o Þekking á brunavörnum og viðbrögðum við jarðskjálfta.

Starfslýsing - leikskólakennari

STARFSHEITI: LEIKSKÓLAKENNARI NÆSTI YFIRMAÐUR: Deildarstjóri

STARFSSVIÐ: Starfar samkvæmt lögum og reglugerð um leikskóla, öðrum lögum er við eiga, aðalnámskrá leikskóla og stefnu viðkomandi sveitarfélags.

MEGINVERKEFNI:

Uppeldi og menntun:

Vinnur að uppeldi og menntun barnanna. Fylgist vel með velferð þeirra og hlúir að þeim andlega og líkamlega í samræmi við eðli og þarfir hvers og eins svo að þau fái notið sín sem einstaklingar.

Stjórnun og skipulagning:

- Tekur þátt í gerð skólanámskrár, mati á starfsemi leikskólans og þróunarverkefnum undir stjórn leikskólastjóra.
- Tekur þátt í skipulagningu faglegs starfs deildarinnar undir stjórn deildarstjóra.

Foreldrasamvinna:

- Vinnur í nánu samstarfi við foreldra/forráðamenn barnanna.
- Situr foreldrafundi, sem haldnir eru á vegum leikskólans.

ANNAÐ:

Tekur þátt í samstarfi við ýmsar stofnanir og sérfræðinga sem tengjast leikskólanum í samráði við deildarstjóra.

- Situr starfsmannafundi og aðra fundi er yfirmaður segir til um og varðar starfsemi leikskólans.
- Sinnir þeim verkefnum er varðar uppeldi og menntun barnanna sem yfirmaður felur honum.

Hæfniskröfur:

- o Færni í mannlegum samskiptum.
- o Getur sett sig í spor annara.
- o Víðsýni.
- o Þekking á skóla- og aðalnámskrá.
- o Þekking á nærsamfélaginu.
- o Þekking á menningu þeirra barna sem eru af öðru þjóðerni.
- o Þekking á þeim þroskaþáttum er helst koma við sögu í þeim verkefnum (hópastarf/val) sem viðkomandi sinnir.
- o Hafa þekkingu á helstu barnasöngvum og leikjum.
- o Þekking á þroskaferli barna og helstu þroskafrávikum.
- o Þekking á viðbrögðum við áföllum.
- o Þekking á brunavörnum og viðbrögðum við jarðskjálfta.